



### REYNITEGUNDIR



#### INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að auka fjölbreytileika skóga hérlendis og eru fjölmargar tegundir áhugaverðar til þess. Nýjar tegundir, bæði trjáa, runna og fjölæringa, hafa verið gróðursettar og þannig lagður grunnur að breyttri áferð skóganna.

Reynitegundir hafa átt vaxandi vinsældum að fagna í ræktun hérlendis.

Innan ættkvíslarinnar er að finna fegurstu tré og runna og eru reynitré yfirleitt harðgerð. Margar tegundir þrífast hér vel og þroska fræ þrátt fyrir að vera ættaðar frá framandi heimshlutum. Reynitegundir sýna almennt mikla aðlögunarhæfni, samanborið við til dæmis birkiættkvíslina.

Ættkvíslin reynir (*Sorbus*) tilheyrir rósaættinni (*Rosaceae*) og til hennar teljast að minnsta kosti 80 -120 tegundir. Flokkun ættkvíslarinnar er erfið viðfangs en reynir fjölgar sér ýmist með kynæxlun eða geldæxlun. Reynitegundir sem mynda fræ með geldæxlun eins og til dæmis koparreynir eru mjög einsleitar af fræi, ólíkt þeim sem mynda fræ að undan-genginni kynæxlun eins og til dæmis reyniviðurinn.

Reynitegundir vaxa í tempraða beltinu í Evrópu, Asíu og N-Ameríku. Reynir vex ýmist sem tré eða runni og fellir lauf á haustin. Blómin eru 5-deild, oftast hvít, sjaldnar bleik, smá og standa þétt saman í skúf eða hálfsvaip. Aldinið, sem er steinaldin, er daglega kallað ber og er í flestum tilfellum rautt eða rauðgult, sjaldnar hvítt, gult eða bleikt.

Haustlitir eru oftast áberandi sterkir og fjölbreyttir og skreyta skógana á haustin.

Reyni er í flestum tilfellum fjölgað með fræjum en einnig með ágræðslu og vefja-ræktun. Hér á landi eru í ræktun tugir reynitegunda sem hafa dafnað með ágætum. Sumar þessara tegunda hafa þegar ratað inn í skóga okkar og eiga án efa eftir að fegra ásynd þeirra og laða að sér menn og dýr.

Hér á eftir eru nefndar nokkrar tegundir sem allar hafa dafnað með ágætum víða um land og hafa verið fáanlegar í gróðrarstöðvum hérlendis.

**Reyniviður** eða **ilmreynir** (*Sorbus aucuparia*) er innlend tegund sem hefur vaxið villt hér á landi í gegnum aldirnar og þá einkum sem stök tré í birkiskógunum. Blómin eru hvít og aldinið rautt eða rauðgult. Haustlitir eru gulir, rauðbrúnir og jafnvel rauðir.



Gráreynir  
Silfurreynir

**Seljureynir** (*Sorbus aria*) er einstofna eða margstofna tré, 7-12 m á hæð. Blómin eru hvít og aldin fagurrauð með brúnum korkdoppum. Gulir haustlitir.

**Gráreynir** (*Sorbus hybrida*) er einstofna eða margstofna, 8-12 m hátt tré. Blómin eru hvít eða gráhvít og aldinið rautt með brúnum korkdoppum. Haustlitur gráreynis er gulur.



Reyniviður   Koparreynir   Kasmírreynir   Alpareynir   Silfurreynir

**Skrautreyrnir** (*Sorbus decora*) er stór runni, ein- eða margstofna tré. Verður 4-8 m á hæð. Hvít blóm. Ber eru fyrst appelsínugul en verða skærrauð. Haustlitur laufblaðanna er dökkrauður og yfir í gulan lit.

**Silfurreynir** (*Sorbus intermedia*) er eins og gráreyrnir, ein- eða margstofna tré, 8-12 m hátt. Blómin eru hvít- til gráleit og aldinið brúnrautt. Gulir haustlitir prýða trén á haustin.

**Fjallareynir** (*Sorbus commixta*) verður oftast runnvaxinn og 3-6 m á hæð. Blómin eru kremhvít og aldinið rautt eða appelsínugult. Haustlitir gulir eða appelsínugulir.

**Alpareynir** (*Sorbus mougeotii*) er ein- eða margstofna tré, yfirleitt 4-6 m á hæð. Blómin eru hvít og aldinið skærrautt. Laufblöðin verða gul á haustin.

**Úlfareynir** (*Sorbus x hostii*) er oftast runni en stundum lítið tré, um 4-7 m á hæð. Blómin eru bleik að utan, hvít að innan og aldin eru gljáandi, skær- til dökkrauð ber. Á haustin verða laufblöðin gul með skærrauða miðtaug.

**Kasmírreynir** (*Sorbus casmiriana*) er margstofna runni, 4-6 m á hæð, með ljósbleik blóm og hvít ber. Haustlitir blaða eru gulir til appelsínugulir og miðtaug eldrauð.

**Koparreynir** (*Sorbus frutescens*) er margstofna runni, um 3-4 m á hæð. Blóm og ber eru hvít. Koparlitt haustskrud.

**Rósareynir** (*Sorbus rosea*) er margstofna runni, 3-4 m á hæð. Blóm og aldin eru ljósbleik. Rauðgulir til rauðir haustlitir

**Rúbínreynir** (*Sorbus bissetii*) er lágvaxið tré eða stór runni, 3-4 m á hæð. Blómsveipirnir eru ljósir og reyniberin bleik sem lýsast. Laufblöðin verða rauð á haustin.



Gráreyrnir

Spörvareynir

Úlfareynir

Skrautreyrnir

**Kínareynir** (*Sorbus vilmorinii*) er stór runni eða lítið tré, 4-6 m á hæð. Blómin eru hvít og berin bleik. Rauðir haustlitir.

**Spörvareynir** (*Sorbus californica*) er runni um 2-3 m á hæð. Blómsveipirnir eru hvítir og berin rauðgul á haustin. Á haustin er hann prýddur rauðgulum haustlitum.

**Sitkareynir** (*Sorbus sitchensis*) er margstofna runni, 1-3 m á hæð. Blómin eru gulhvít og berin ferskjulituð. Á haustin verða laufblöðin gul, appelsínugul og rauð.

**Bergreynir** (*Sorbus x ambigua*) er runni eða lítið tré um 3 m á hæð. Blómin eru bleik og aldinið rautt. Líkist mjög úlfareyni í útliti.



Rúbínreynir

Til landsins hefur verið fluttur inn fjöldinn allur af reynitegundum, mun fleiri en hér hafa verið nefndar. Mikill efniviður er því til í landinu og eftir miklu að slægjast.

Auðveldast er að fjölga reynitegundum með fræi. Aldinið er týnt af trjánum þegar það er fullþroska síðsumars í ágúst og fram í október.

Í köldum og votviðrasömum sumrum má fastlega gera ráð fyrir lélegum fræþroska og því ekki ráðlagt að safna fræi það árið.

Í Frækorni nr. 12 er að finna upplýsingar um hvernig reynitegundum er fjölgað með fræi.



Koparreynir



Karl Eiríksson

SUDURLANDSSKÓGAR



Höfundur: Kristinn H. Þorsteinsson garðyrkjufraeðingur. Teikningar: Helgi Þórsson.  
Prentsmiðjan Oddi. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands - [www.skog.is](http://www.skog.is)